

## Svar

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Gunnars Braga Sveinssonar um fjölgun hjúkrunarrýma í Norðvesturkjördæmi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvaða áform eru um fjölgun hjúkrunarrýma í Norðvesturkjördæmi?*

Í Norðvesturkjördæmi eru hjúkrunarrými á eftirtöldum stöðum:

Heilbrigðisstofnunin á Akranesi	26
Höfði, Akranesi	48
Dvalarheimilið Borgarnesi	32
Jaðar, Ólafsvík	10
Fellaskjól, Grundarfirði	9
Dvalarheimilið Stykkishólmi	9
St. Fransiskuspítali, Stykkishólmi	9
Silfurtún, Búðardal	8
Fellsendi, Búðardal	26
Barmahlíð, Reykhólum	14
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	16
Heilbrigðisstofnunin Ísafirði	31
Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík	13
Heilbrigðisstofnunin Hólmavík	12
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga	24
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	27
Sæborg, Skagaströnd	5
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	41

Heildarfjöldi hjúkrunarrýma á öllu landinu er 2.518 rými og af þeim eru 360 rými í Norðvesturkjördæmi, þ.m.t. Fellsendi sem hefur 26 hjúkrunarrými en þau rými eru mjög sérhæfð og ætluð geðsjúkum einstaklingum. Sé sú tala dregin frá standa eftir 334 hjúkrunarrými.

Á árinu 2008 þegar undirbúin var framkvæmdaáætlun um fjölgun hjúkrunarrýma og fækkun fjölbýla var gerð þarfagreining fyrir landið í heild og var gengið út frá fjölda aldraðra í hverju sveitarfélagi og aldurskiptingu þeirra. Miðað við þá þarfagreiningu ætti heildarfjöldi hjúkrunarrýma í Norðvesturkjördæmi að vera 282 hjúkrunarrými fyrir aldraða og um 5–7% til viðbótar ef yngri hjúkrunarsjúklingar eru taldir með eða um 300 rými.

Í fjárlögum 2009 og 2010 er ekki gert ráð fyrir nýjum rekstrarheimildum fyrir hjúkrunarrými. Ekki verður heldur séð að svo verði í fjárlögum fyrir árið 2011 og því ekki um neina raunfjölgun hjúkrunarrýma að ræða á næstunni. Hins vegar vinnur félags- og tryggingamála-

ráðuneytið nú að því að flytja rekstrarheimildir milli svæða og stofnana miðað við það hvar þörfin er mest á landinu.

Þótt hjúkrunarrýmum á landinu muni hvorki fjölga á þessu ári né trúlega því næsta er samt unnið að því að bæta aðstöðu á hjúkrunarheimilum. Má meðal annars nefna að nú er hönnun á nýju hjúkrunarheimili í Borgarnesi á lokastigi. Þegar það heimili verður risið mun aðstaða hjúkrunarsjúklinga á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi verða allt önnur en nú er.